

Skilmálar ráðningarkerfis:

1. Skilmálar þessir eiga við um allar ráðningar á vegum ríkisins.
2. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál nema þar sem lög kveða á um annað og þær meðhöndlaðar samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Notandi samþykkir að veita viðkomandi stofnun ríkisins heimild til vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í umsókn svo sem kennitölu, símanúmer o.s.frv.
4. Gögn sem innihalda persónuupplýsingar eru ekki látin þriðja aðila í té nema liggi fyrir skýrt samþykki frá þeim sem persónuupplýsingar varða, þriðji aðili hafi heimild sem byggist á ákvæðum laga eða að fengnum dómsúrskurði.
5. Umsóknaraðili getur hvenær sem er dregið umsókn sína til baka með því að tilkynna það til viðkomandi stofnunar.
6. Umsóknargögn verða almennt vistuð í 12 mánuði frá því að hætt er að vinna með gögnin og/eða ráðið hefur verið í viðkomandi starf. Umsóknargögn vegna starfa sem krefjast lengri vörslutíma verða geymd lengur í samræmi við reglur þar um.
7. Fjársýsla ríkisins áskilur sér rétt til að breyta og bæta við skilmála þessa án frekari fyrirvara.

Reykjavík 16. apríl, 2012